

**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu**  
02 361

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu**

**kt. 4910872509**

**Nýheimum , 780 Höfn í Hornafirði**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er ríkisaðili í A hluta. Skólinn er framhaldsskóli. Býður bæði upp á bóknám og verknám.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 267,7 milljónir og afkoma kr. 4,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 30,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Eyjólfur Guðmundsson,

skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	247.383.000	205.000.000
Aðrar tekjur .....		3.162.000	3.516.000
Seld þjónusta .....	3	4.853.824	8.391.719
Vörusala .....		964.100	1.024.700
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	7.743.144	11.407.321
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	3.562.312	2.980.619
<b>Tekjur samtals</b>		<b>267.668.380</b>	<b>232.320.359</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	210.446.219	196.795.728
Annar rekstrarkostnaður .....	6	49.044.266	51.574.660
Afskriftir .....	7	3.562.312	2.980.619
<b>Gjöld samtals</b>		<b>263.052.797</b>	<b>251.351.007</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>4.615.583</b>	<b>(19.030.648)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		7.439	20.860
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(663.184)	(5.017)
		(655.745)	15.843
<b>Afkoma ársins</b>		<b>3.959.838</b>	<b>(19.014.805)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	2.907.838	(19.014.805)
Rekstrartilfærslur .....		1.052.000	0
		<b>3.959.838</b>	<b>(19.014.805)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		20.766.259	11.881.509
Aðrar eignir .....		90.000	90.000
		<u>20.856.259</u>	<u>11.971.509</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>20.856.259</u>	<u>11.971.509</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	6.515.512	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	123.159	516.929
Handbært fé .....	11	3.377.316	33.906.652
		<u>10.015.987</u>	<u>34.423.581</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>10.015.987</u>	<u>34.423.581</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>30.872.246</u>	<u>46.395.090</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		7.152.455	3.192.617
		<u>7.152.455</u>	<u>3.192.617</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	90.005	22.522.125
Viðskiptaskuldir .....		1.290.877	809.677
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	4.430.139	4.699.589
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	17.908.770	15.171.082
		<u>23.719.791</u>	<u>43.202.473</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>23.719.791</u>	<u>43.202.473</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>30.872.246</u>	<u>46.395.090</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		3.959.838	(19.014.805)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	3.562.312	2.980.619
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(3.562.312)	(2.980.619)
		<u>3.959.838</u>	<u>(19.014.805)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		393.770	(72.620)
Tengdir aðilar .....		(35.094.694)	33.760.248
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		211.750	2.966.676
		<u>(34.489.174)</u>	<u>36.654.304</u>
		<u>(30.529.336)</u>	<u>17.639.499</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(12.447.062)	(4.484.998)
		<u>(12.447.062)</u>	<u>(4.484.998)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		6.147.062	(1.615.002)
Fjárfestingarframlag .....		6.300.000	6.100.000
		<u>12.447.062</u>	<u>4.484.998</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(30.529.336)	17.639.499
		<u>33.906.652</u>	<u>16.267.153</u>
		<u>3.377.316</u>	<u>33.906.652</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

## Skýringar

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	247.383.000	205.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	3.562.312	2.980.619
	<u>250.945.312</u>	<u>207.980.619</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	253.000.000	0	0	253.000.000
Fjáraukalög 5 .....	(900.000)	0	0	(900.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(5.769.000)	1.052.000	0	(4.717.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>246.331.000</b>	<b>1.052.000</b>	<b>0</b>	<b>247.383.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(243.423.162)	0	0	(243.423.162)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>2.907.838</b>	<b>1.052.000</b>	<b>0</b>	<b>3.959.838</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	136.024	26.000
Ýmsar þjónustutekjur .....	0	10.000
Veitinga- og gistiþjónusta .....	4.697.300	8.355.719
Fræðslustarfsemi og fundir .....	20.500	0
	<u>4.853.824</u>	<u>8.391.719</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	2.184.499	1.457.860
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	4.277.726	9.775.437
Ýmsar tekjur .....	1.280.919	174.024
	<u>7.743.144</u>	<u>11.407.321</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	171.285.800	160.662.230
Orlof, breyting .....	662.742	361.015
Launatengd gjöld .....	37.939.349	35.667.333
Starfsmannakostnaður .....	558.328	105.150
	<u>210.446.219</u>	<u>196.795.728</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	20,2	18,9

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	658.765	700.454
Byggingarvörur, almennar ....	5.260	15.252
Byggingarvörur, aðrar ....	14.093	0
Ýmis tæki og áhöld ....	1.156.001	273.483
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	16.745	78.131
Orkugjafir ....	578.188	723.580
Matvæli ....	807.628	578.701
Almennar rekstrarvörur ....	528.288	115.944
Vörukaup, almenn	3.764.968	2.485.545
Kennslu- og föndurvörur ....	662.254	426.182
Ýmsar sérgreindar vörur ....	0	16.672
Vörukaup, sérgreind	662.254	442.854
Fundir, námskeið, risna ....	198.650	571.481
Ferðir, uppihald ....	2.820.809	5.309.413
Akstur ....	1.572.458	2.960.022
Sérfræðiþjónusta ....	8.000.051	6.832.394
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	138.772	132.529
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	2.348.576	1.610.565
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	556.632	473.367
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.635.948	17.889.771
Samningsbundin kaup og leiga ....	242.448	242.448
Afnotagjöld ....	2.622.006	2.151.560
Leigugjöld ....	4.740.128	4.958.867
Verkkaup ....	1.468.989	2.715.486
Kostnaðarhlutdeild ....	16.363.148	16.067.888
Áhættutap og bætur ....	0	88.000
Opinber gjöld ....	118.000	97.500
Tilfærslur ....	0	44.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.554.719	26.365.749
Vörukaup I ....	3.426.377	4.390.741
Vörur til endursölu og birgðabreyting	3.426.377	4.390.741
Annar rekstrarkostnaður samtals	49.044.266	51.574.660

## Skýringar

	2020	2019
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.562.312	2.980.619
	<u>3.562.312</u>	<u>2.980.619</u>
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	20.766.259	11.881.509
Aðrar eignir .....	90.000	90.000
	<u>20.856.259</u>	<u>11.971.509</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	30.379.081	90.000	30.469.081
Viðbætur á árinu .....	12.447.062	0	12.447.062
	<u>42.826.143</u>	<u>90.000</u>	<u>42.916.143</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	18.497.572	0	18.497.572
Afskrift ársins .....	3.562.312	0	3.562.312
	<u>22.059.884</u>	<u>0</u>	<u>22.059.884</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>20.766.259</u>	<u>90.000</u>	<u>20.856.259</u>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	6.515.512	0
	<u>6.515.512</u>	<u>0</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	22.377.824
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	90.005	144.301
	<u>90.005</u>	<u>22.522.125</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.000	0
Skattar .....	119.159	516.929
	<u>123.159</u>	<u>516.929</u>

### 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	3.377.316	33.906.652
	<u>3.377.316</u>	<u>33.906.652</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	3.192.617	33.085.735
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(10.878.313)
Afkoma ársins .....	3.959.838	(19.014.805)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>7.152.455</u>	<u>3.192.617</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	3.137.838	2.475.096
Ógreidd laun .....	0	1.136.241
Önnur ógreidd gjöld .....	1.292.301	1.088.252
	<u>4.430.139</u>	<u>4.699.589</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	20.856.259	11.971.509
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(2.947.489)	3.199.573
	<u>17.908.770</u>	<u>15.171.082</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	11.971.509	3.199.573	15.171.082
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.300.000	6.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12.447.062	(12.447.062)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(3.562.312)	0	(3.562.312)
	<u>20.856.259</u>	<u>(2.947.489)</u>	<u>17.908.770</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 4,3 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 3 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 19,2 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.